

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LIII. árgangur

1972

Föstudaginn 7. janúar 1972.

Nr. 170/1971. Gísli Þórólfsson

gegn

Hreppsnefnd og hafnarnefnd Reyðarfjarðar-
hrepps f. h. hreppsins.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Þórólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, hreppsnefnd og hafnarnefnd Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. janúar 1972.

Nr. 2/1972. Valdstjórnin

gegn

Kristni Esmar Skarphéðinssyni og
Georg Drake.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 4. janúar 1972, er barst dóminum 5. s. m., hafa

varnaraðiljar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. janúar 1972.

Ár 1972, mánudaginn 3. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að fimmtudaginn 30. desember 1971, kl. rúmlega 0320, var tilkynnt til rannsóknarlögreglunnar um innbrot í skartgripaverzlun að Laugavegi 25 hér í borg, eign Benedikts Guðmundssonar gullsmiðs.

Við rannsókn á vettvangi og samkvæmt lista yfir þá muni, sem saknað var, er Benedikt Guðmundsson lét rannsóknarlögreglunni í té, nemur verðmæti þýfisins kr. 179.325.00, og eru þá meðtaldar skemmdir á nokkrum gripum. Auk þess hlutust nokkrar skemmdir af rúðubroti.

Samkvæmt vísbendingu, sem rannsóknarlögreglan fékk að kvöldi 2. janúar, beindist grunur að Jóni Árnasyni, Þingholtsstræti 8 B hér í borg, fæddum 30. júní 1941 í Reykjavík.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni viðurkenndi Jón Árnason að hafa verið þarna að verki ásamt Kristni Esmar Skarphéðinssyni, fæddum 22. september 1951. Jón sagði enn fremur, að Georg Drake, fæddur 25. apríl 1942, hefði verið á ferð með þeim félögum í leigubíl í umrætt skipti og hefði Georg Drake beðið í bílnum á Grettisgötu, á meðan þeir Kristinn Esmar brutust inn í skartgripabúðina.

Er þeir félagar komu aftur að bifreiðinni, þar sem hún beið á Grettisgötu, virtist kærða Jóni eins og Georg Drake hefði verið kunnugt um, hvað til stóð, enda fékk Drake á að gizka þriðjung þýfisins í sinn hlut, er fengnum var skipt.

Munir þeir, sem rannsóknarlögreglan fékk vísbendingu um, reyndust vera úr innbroti þessu, og segir Jón Árnason, að munir þessir séu hans hluti af þýfinu.

Í dag, 3. janúar, voru þeir Kristinn Esmar Skarphéðinsson og

Georg Drake handteknir og færðir í hegningarhúsið við Skóla-vörðustíg.

Báðir neituðu þeir að tjá sig um málavöxtu, en þó kvaðst Georg Drake hafa verið í leigubifreið með Jóni Árnasyni og Kristni Esmar nóttina, sem innbrotið var framið, auk tveggja annarra manna, sennilega þeirra Sigurjóns Arnar Leifssonar og Jóns Þorgeirs Ragnarssonar.

Þar sem rannsókn máls þessa er enn á frumstígi, lítur rétturinn svo á, að nauðsyn beri til með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærðu Kristinn Esmar Skarphéðinsson og Georg Drake í gæzluvarðhald, svo að þeir spilli ekki sakargögnum og hafi áhrif á vitni og samseka, enda eru skilyrði 65 gr. stjórnarskrárinnar fyrir hendi til beitingar gæzluvarðhaldi, þar sem kærðu eru grunaðir um brot á XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

Rétt þykir að taka það fram, að kærði Jón Árnason var í dag látinn hefja afplánun á 18 mánaða fangelsisdómi, sem hann hlaut í sakadómi Reykjavíkur 11. júní 1971.

Úrskurðarorð:

Kærðu Kristinn Esmar Skarphéðinsson og Georg Drake skulu sæta gæzluvarðhaldi í allt að 45 dögum.